

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
17. fundur – 13. september 1999

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 13. september kl. 17:15 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins, 3. hæð, Garðatorgi 7.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 16. fundar heilbrigðisnefndar.

Fundargerðin samþykkt.

2. Starfsmannahald.

Rætt var um stöðu eftirlits samkvæmt eftirlitsáætlun 1999.

Framkvæmdastjóra heimilað að ráða starfsmann í 3 mánuði í umhverfiseftirlit.

3. Hundar – afskráning vegna hundsbits.

Lögð fram drög að bréfi heilbrigðiseftirlitsins vegna hundsbits þar sem lagt er til að heilbrigðisnefnd taki hund nr. 748 í Kópavogi af skrá frá og með 27. september n.k., auk kröfu um aflífun eða að hundinum verði komið fyrir á öðrum viðurkenndum stað fyrir sama tíma.

Samþykkt.

4. Vettvangsferð.

4.1 Lundur v/Nýbýlaveg, Kópavogi.

Farið að Lundi v/Nýbýlaveg og umhverfi svínabúsins skoðað. Rætt við rekstraraðila og íbúðaeigendur á Lundi III.

4.2 Lóðahreinsun í Kópavogi.

Farið víða um bæinn og þær lóðir skoðaðar sem heilbrigðiseftirlitið hefur haft afskipti af síðustu misseri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson